

Persónuverndarstefna



KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ HAUKAR



Flýtleiðir

Almennt.....	2
Ábyrgðaraðili	2
Frá hverjum safna Haukar persónuupplýsingum?	2
Hvaða upplýsingar vinnur Haukar og hvers vegna?	2
Skráning í íþróttastarf	2
Listi yfir iðkendur	3
Skráning á mót.....	3
Myndir af iðkendum	3
Facebook hópar	4
Sumaríþróttaskóli.....	4
Leikjaskóli.....	4
Frístundaheimili Hauka.....	5
Tölvupóstur	5
Útleiga á sal.....	6
Haukar í horni	6
Eftirlitsmyndavélar.....	6
Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila	6
Varðveislutími persónuupplýsinga	7
Réttindi þín	7
Öryggi persónuupplýsinga	8
Endurskoðun	9



Almennt

Knattspyrnufélagið Haukar („Haukar“) hefur einsett sér að tryggja trúnað, áreiðanleika og tiltækileika persónuupplýsinga í hvívetna.

Í persónuverndarstefnu þessari er því lýst hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar. Öll vinnsla Hauka fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga er sá aðili sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnsluna. Haukar er ábyrgðaraðili á vinnslu persónuupplýsinga hjá félaginu.

Samskiptaupplýsingar Hauka

- Knattspyrnufélagið Haukar
- Ásvöllum, 221 Hafnarfjörður
- S: 525 8700
- haukar@haukar.is

Frá hverjum safna Haukar persónuupplýsingum?

Haukar safna í flestum tilvikum persónuupplýsingum frá þeim aðila sem persónuupplýsingar varða. Í ákveðnum tilvikum safnar félagið persónuupplýsingum frá þriðja aðila og reynir félagið eftir fremsta megni að upplýsa viðkomandi um það.

Í þeim tilvikum að um ólöggráða einstaklinga er að ræða er upplýsinga aflað að meginstefnu til frá forráðamönnum þeirra.

Hvaða upplýsingar vinnur Haukar og hvers vegna?

Skráning í íþróttastarf

Haukar bjóða upp á ýmis konar íþróttastarf fyrir börn. Forráðamenn skrá upplýsingar um iðkanda í gegnum aðgang sinn hjá Sportabler. Félagið sem er jafnframt með aðgang hjá Sportabler fær upplýsingar þaðan um skráningar. Í þeim tilgangi að taka á móti og halda utan um skráningar í íþróttastarf er félaginu nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar forráðamanna, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer.

HUGTÖK

Persónuupplýsingar

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings. Hér má nefna upplýsingar á borð við nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang, myndefni, netauðkenni, samskipti, bílnúmer o.fl.

Í 2. – 3. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tilgreint hvað fellur undir hugtakið „persónuupplýsingar“ og „viðkvæmar persónuupplýsingar“.

Vinnsla persónuupplýsinga

Með vinnslu á persónuupplýsingum er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar. Sem dæmi um vinnslu á persónuupplýsingum má nefna söfnun þeirra, skráningu, varðveislu, breytingu, miðlun, notkun, skoðun o.fl.

Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tilgreint hvað fellur undir hugtakið „vinnsla“.



BÖRN

Haukum er kunnugt um að persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlögum. Félagið tekur ávallt mið að því vegna vinnslu persónuupplýsinga þeirra.

- Sportablar er tengt Þjóðskrá og því koma upplýsingar um nafn og heimilisfang þaðan þegar kennitala er skráð í kerfið.
- Tengiliðaupplýsingar barns, s.s. nafn og kennitala.
- Upplýsingar um hvaða námskeið barn er skráð í.
- Upplýsingar um greiðslumáta.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Listi yfir iðkendur

Haukar taka saman lista yfir skráða iðkendur og halda utan um mætingar á æfingar í þeim tilgangi að tryggja að viðkomandi barn sé skráð í það íþróttastarf sem það mætir í. Í þeim tilgangi er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar barns, s.s. nafn og kennitala.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á lögmætum hagsmunum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Skráning á mót

Haukar taka þátt í ýmsum mótum sem iðkendum í viðeigandi íþróttagrein gefst tækifæri á að taka þátt í. Forráðamenn sjá um skráningu í gegnum Sportablar og fá Haukar upplýsingar um skráningar þaðan. Aðrir forráðamenn iðkenda í sama hópi geta séð upplýsingar um hvaða iðkendur taka þátt í móti. Í þeim tilgangi að taka á móti og halda utan um skráningar á mót er félaginu nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar iðkanda, s.s. nafn og kennitölu.
- Upplýsingar um hvaða mót iðkandi er skráður í.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samþykki, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Myndir af iðkendum

Haukar taka myndir af iðkendum og deila á samfélagsmiðla og heimasíðu, að því gefnu að foreldrar hafi veitt upplýst samþykki fyrir því. Í þeim tilgangi að sýna frá íþróttastarfi á framangreindum miðlum er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Myndir af börnum.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samþykki, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.



Facebook hópar

Á samfélagsmiðlinum Facebook er að finna hópa fyrir flokka. Um er að ræða lokaða hópa sem forráðamenn fá aðgang inn á en tilgangur með hópum er að miðla upplýsingum til forráðamanna. Í þeim tilgangi er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Notendanafn forráðamanna.
- Mynd af forráðamanni sé hún til staðar.
- Myndir af börnum ef til staðar er upplýst samþykki forráðamanna.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samþykki, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Sumaríþróttaskóli

Haukar starfrækja íþróttaskóla á sumrin fyrir börn. Íþróttaskólinn er sameiginlegt verkefni allra deilda félagsins þar sem lögð er áhersla á fjölbreytta hreyfingu, þjálfun og námskeið við allra hæfi. Forráðamenn sjá um skráningu í íþróttaskólann í gegnum Sportabler og fá Haukar upplýsingar um skráningar þaðan. Í þeim tilgangi að taka á mót og halda utan um skráningar í íþróttaskólann er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar forráðamanns, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer.
- Tengiliðaupplýsingar barna, s.s. nafn, kennitala og heimilisfang.
- Upplýsingar um tímabil námskeiðs.
- Upplýsingar um greiðslumáta.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Ef viðkomandi barn er skráð í mat er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar barns, s.s. nafn og kennitala.
- Upplýsingar um ofnæmi og/eða óþol ef slíkt er til staðar.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna skráningar í mat byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna ofnæmis og/eða óþols barns byggir á samþykki, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga.

Leikjaskóli

Haukar starfrækja Leikjaskóla fyrir börn á aldrinum 2-5 ára. Forráðamenn skrá börn sín í leikjaskóla í gegnum Sportabler og fá Haukar upplýsingar um skráningar þaðan. Í þeim tilgangi að taka á mót og halda utan um skráningar í leikjaskóla er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:



- Tengiliðaupplýsingar forráðamanna, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
- Tengiliðaupplýsingar barns, s.s. nafn og kennitala.
- Greiðslumáti.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Frístundaheimili Hauka

Haukar standa fyrir rekstri frístundaheimilis að Ásvöllum en boðið er upp á frístund fyrir grunnskólanemendur í 1. – 4. bekk. Foreldrar skrá börn í frístund og vinna Haukar persónuupplýsingar í þeim tilgangi að taka á móti og halda utan um hvaða börn eru skráð í frístund hverju sinni. Í því skyni er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar forráðamanna, s.s. nafn, símanúmer og netfang.
- Tengiliðaupplýsingar barns, s.s. nafn.
- Hvaða vikudaga sótt er um í frístund.
- Ef við á, upplýsingar um æfingar barns.
- Í hvaða skóla barn er í.
- Hverjir megi sækja barnið.
- Aðrar nauðsynlegar upplýsingar eins og lyfjagjöf, ofnæmi, sjúkdómar o.s.frv.
- Upplýsingar um greiðslur.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna skráningar í frístund byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga um lyfjagjöf, ofnæmi, sjúkdóma barns o.s.frv. byggir á samþykki, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga.

Tölvupóstur

Einstaklingar geta alla jafna sent Haukum tölvupóst ef þeir hafa spurningar í tengslum við starfsemi félagsins. Í þeim tilgangi að taka á móti og halda utan um tölvupóstsamskipti er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar, s.s. nafn og netfang.
- Samskipti.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á lögmætum hagsmunum sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.



Útleiga á sal

Í húsnæði Hauka er hægt að leigja sali fyrir ýmis konar viðburði. Í þeim tilgangi að taka á móti og halda utan um bókanir er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar þ.e. nafn og kennitala.
- Fyrir hvers konar viðburð verið er að leigja sal.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Haukar í horni

Haukar í horni er stuðnings- og styrktarfélag Hauka. Einstaklingum gefst kostur á að gerast meðlimir. Í þeim tilgangi að taka á móti skráningum og halda utan um þær er Haukum nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang og netfang.
- Greiðslumáti.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Eftirlitsmyndavélar

Í og við húsakynni Hauka er að finna eftirlitsmyndavélar en tilgangur með þeim er í öryggis- og eignavörsluskyni. Sérstakar merkingar eru til staðar til að gera einstaklingum viðvart um vöktunina. Myndefnið geymist allajafna í 60 daga en að hámarki í 90 daga.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á lögmætum hagsmunum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

Haukar notast við rafrænar lausnir frá þriðja aðila sem auðvelda félaginu að halda utan um og miðla upplýsingum. Eigendur lausnanna kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum. Félagið gerir þá ávallt vinnslusamning við viðkomandi þjónustuaðila í samræmi við persónuverndarlög. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að gæta fyllsta trúnaðar, tryggja öryggi og fara eingöngu með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli Hauka.

Félagið kann í ákveðnum tilvikum að deila persónuupplýsingum með þriðja aðila sem ekki er bundinn fyrirmælum Hauka um meðferð þeirra. Rétt er þó að taka fram að framangreindum aðilum er ávallt skylt að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við persónuverndarlög.



Varðveislutími persónuupplýsinga

Haukar geyma persónuupplýsingar aðeins í þann tíma sem nauðsynlegt er fyrir félagið að hafa þær undir höndum. Þegar ekki er þörf fyrir Hauka að hafa persónuupplýsingar lengur undir höndum eyðir félagið þeim með öruggum hætti.

Réttindi þín

Þú nýtur ákveðinna réttinda samkvæmt persónuverndarlögum. Ef þú vilt neyta þessara réttinda þinna máttu hafa samband við okkur í gegnum netfangið haukar@haukar.is. Við höfum einn mánuð til að svara erindi þínu en getum framlengt frestinn um tvo mánuði ef beiðnin er sérstaklega umfangsmikil. Rétt er að taka fram að réttindi þín eru ekki fortakslaus og kunna að vera háð ákveðnum skilyrðum.

Hér er að finna yfirlit yfir helstu réttindi þín:

Réttur til aðgangs	<ul style="list-style-type: none">• Þú átt rétt á að óska eftir aðgangi að þínum gögnum og fá afrit af þínum persónuupplýsingum.
Réttur til leiðréttingar	<ul style="list-style-type: none">• Þú átt rétt á að fá upplýsingar um þig sem eru rangar og ónákvæmar leiðréttar.
Réttur til eyðingar	<ul style="list-style-type: none">• Í ákveðnum tilfellum getur þú átt rétt á að þínum persónuupplýsingum sé eytt.• Þetta á einkum við í þeim tilfellum þar sem upplýsingar eru ekki lengur nauðsynlegar, þú hefur andmælt vinnslunni, vinnslan reynist ólögmæt, eða ef vinnslan byggir á samþykki sem þú hefur afturkallað.

Réttur til að andmæla vinnslu

- Byggi vinnsla á persónuupplýsingum á lögmætum hagsmunum, og þú telur að hún brjóti gegn grundvallarréttindum þínum, þá getur þú andmælt vinnslunni nema við sýnum fram á ríkari hagsmuni af því að halda henni áfram.

Réttur til takmörkunar á vinnslu

- Í eftirfarandi tilfellum átt þú rétt á að við stöðvum vinnslu persónuupplýsinga:
 - Ef þú véfengir að persónuupplýsingar séu réttar (þar til við getum staðfest að þær séu réttar).
 - Vinnslan er ólögmæt en þú vilt ekki að persónuupplýsingum sé eytt.
 - Við þurfum ekki lengur á upplýsingunum að halda en þú þarfnast þeirra til að hafa uppi, stofna eða verja réttarkröfu.
 - Þú hefur andmælt vinnslunni og við höfum ekki bent á ríkari hagsmuni af því að halda henni áfram.

Réttur til að afturkalla samþykki

- Í þeim tilfellum þar sem við byggjum vinnslu á samþykki þínu er þér ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki. Afturköllun á samþykki þýðir þó ekki að vinnslan sem fór fram áður en samþykki var afturkallað sé ólögmæt.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

- Teljir þú að ekki sé farið með persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög átt þú ávallt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd (www.personuvernd.is)

Öryggi persónuupplýsinga

Haukar hafa gripið til tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana í því skyni að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Aðgangsstýringar eru að kerfum og húsnæði félagsins. Öryggisráðstöfunum þessum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi.



Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar sem verða á viðeigandi lögum og reglugerðum eða ef breytingar verða á því hvernig Haukar vinna með persónuupplýsingar. Á heimasíðu Hauka er ávallt að finna nýjustu útgáfu hverju sinni.